

Mál nr. 5/2011

Augnablik

gegn

KV

Kæra KV.

Kærandi krefst þess að úrslit leiks KV og Augnabliks í úrslitakeppninni í 3.deild karla sem fram fór þann 27.08.'11 verði dæmd ógild og Augnablik dæmdur sigur, en til vara er þess krafist að leikurinn endurleikinn og háður að nýju.

KV fór fram á að fá undanþágu við KSÍ vegna markmannsleysis þeirra. Þeir eiga Daníel Kristinsson og Stefán Hirst Friðriksson. Sem báðir hafa spilað í sumar. Þeir segja að Stefán sé hættur knattspyrnu og að Daníel sé erlendis og verði ekki með í úrslitakeppninni. Þetta eru rökin sem þeir beita til að fá markvörð. Stefán er engu að síður enn skráður í KV og hefur meðal annars spilað leik fyrir KV í deildinni og verið á meðal varamanna, þá segir hann meðal annars á twitter síðu að hann muni vera á leiknum sem áhorfandi og að hann sé mikill KV maður. Í raun þá var hann á vellinum að grilla pylsur ofan í stuðningsmenn KV. Þá er tekið af facebook síðu Daníels Kristinssonar -Stefán Hirst Friðriksson varamarkmaður skrifar:

“Danni minn... hvenær ferðu út? Ég er búinn að týna hönskunum mínum og bráðvantar hanska til þess að geta vonandi staðið vaktina í búrinu á Lau. Geturu græjað mig?”
(sjá fylgiskjal í viðhengi)

Það fer ekki heim og saman að segja að markmaður sé hættur vegna þess að hann hafi ekki verið í hóp síðan í byrjun júní. Nú höfum við hjá Augnablik ekki verið með varamarkmann á bekk í allt sumar þó svo að unnt hafi verið að fá varamarkmann úr röðum klúbbsins þegar aðalmarkvörður liðsins meiddist og var frá í 1 leik vegna þeirra.

Þeir fá Einar Andra Einarsson leikmann Leiknis Reykjavíkur sem spilar tveimur deildum fyrir ofan KV og Augnablik. Umræddur leikmaður hefur setið á bekk 1.deildar Leiknis og er þá leikmaður í deild fyrir ofan sem er skv. Grein 10.2 í lögum KSÍ að engin undantekning verði gerð sé það raunin. Í samtali sem forsvarsmaður KV átti við forsvarsmenn Leiknismanna segja þeir að þá vanti markvörð vegna þess annar er í fríi erlendis og að ekki náist í hinn í símann. Þórður Einarsson staðfesti þessa frásögn.

Markmannsleysi KV manna var ekki meira en það að í síðar leik liðanna var Daníel Kristinsson mættur aftur í markið. Leikmaðurinn sem KV tjáði KSÍ að væri frá erlendis alla úrslitakeppnina var þannig mættur í markið 4 dögum síðar. Sannleikurinn er hinsvegar sá að hann var í fríi á Ítalíu með vinum sínum. Að veita slíka undanþágu fyrir mann sem staddur í er skemmtiferð erlendis getur varla talist nægjanlega góð ástæða fyrir að veita undanþágu af þessu tagi sem einungis er veitt algjörum undantekningartilfellum.

Það er mikið misræmi í öllum frásögnum sem okkur hefur til eyrna borist varðandi þessa undanþágu sem þeir fengu með því að blekkja framkvæmdarstjóra KSÍ. Það er alveg forskastanlegt að það skuli vera hægt að fá leikmann sem spilar í liði tveimur deildum fyrir ofan umrædd lið á leikdegi með slíkum blekkingarleik. Við hreinlega hörmum svona vinnubrögð og teljum að stjórn KSÍ hafi verið blekktil þess að fá inn markvörð mörgum klössum fyrir ofan það sem gengur og gerist í 3.deildinni.

Ef KSÍ leyfir það að skemmtiferð erlendis sé nægjanlega góð ástæða fyrir neyðarúrræði sem KV mönnum var veitt er ég hræddur um að það menn séu komnir á ansi hálan ís. Það er ekki fordæmisgefandi að lið misnoti aðstöðu sína svona ef þau treysta ekki varamarkverði sínum í ákveðin verkefni.

f.h. Augnabliks
Guðjón Már Sveinsson

Greinargerð Augnabliks

Lagt fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ 6. september 2011

Augnablik

gegn

Knattspyrnufélagi Vesturbæjar

Greinargerð kærða

Fyrirsvar:

Fyrirsvarsmaður KV er Páll Kristjánsson, kt.: 03.03.84-2539, formaður.

Kröfur:

KV gerir eftirfarandi kröfu fyrir nefndinni:

1. Að kröfum Augnabliks verði vísað frá.
2. Að kröfum Augnabliks verði hafnað.

Málavextir:

Með bréfi dags. 23. ágúst 2011 óskaði undirritaður f.h. Knattspyrnufélags Vesturbæjar (hér eftir KV), með vísan til gr. 10.2 í reglugerð KSÍ um félagsskipti að framkvæmdarstjóri KSÍ gæfi út leikheimild til handa Einari Andra Einarssyni markverði Leiknis sem samningsbundinn er Knattspyrnufélagi Reykjavíkur. Framkvæmdarstjóri KSÍ veitti Einari Andra leikheimild með KV á grundvelli fyrrgreindrar reglu. Sjónarmið þau er lágu til grundvallar ákvörðun framkvæmdarstjóra KSÍ eru reifuð í greinargerð þeirri er fylgdi beiðni um félagsskiptin.

Einar Andri stóð í marki KV í fyrri viðureign KV og Augnablik í 8. liða úrslitum 3. deildar. KV sigraði leikinn 2-1. Síðari leikur liðanna var áætlaður þriðjudaginn 30. ágúst. Að beiðni Augnbliks var leiknum frestað til miðvikudagsins 31. ágúst. Daníel Kristinsson markvörður KV sneri aftur til landsins fyrir þann leik en hefði misst af viðureigninni ef hún hefði verið leikin á upphaflegum tíma. Daníel er aðalmarkvörður KV og var því markvörður liðsins í síðari viðureign félaganna. Einar Andri var á meðal varamanna.

Þá má geta þess að Daníel Kristinsson er meiddur í dag og því verður Einar Andri markvörður KV í síðari leik KV og Magna í undanúrslitum 3. deildar sem leikinn verður miðvikudaginn 7. september.

Kröfur Augnbliks:

Að leikur liðanna verði dæmdur ógildur og Augnablik dæmdur sigur.

Kröfu Augnbliks er mótmælt. Ekki liggur fyrir til hvaða ákvæðis Augnablik vísar til stuðnings kröfu sinni að öðru leyti en því að byggt er á að KSÍ hafi ekki átt að veita Einari Andra markverði KV leikheimild skv. gr. 10.2. Alls óljóst er hvernig ákvörðun KSÍ eigi að leiða til þess að leikur tveggja aðildarféлага eigi að dæmast ógildur og að öðru liðinu dæmt tap. Allan rökstuðning að baki slíku skortir og því er KV ógerlegt að svara kröfu Augnbliks. Leiðir slíkur málflutningur til þess að kröfu Augnbliks ber að vísa frá.

Að leikur liðanna skuli leikinn að nýju

Kröfu Augnbliks um að leika skuli leikinn að nýju er alfarið mótmælt. Einar Andri hafði gilt keppnisleyfi frá KSÍ og var lið KV því löglega skipað er leikurinn fór fram. Í ljósi upplýsinga sem KV veitti KSÍ var ákvörðun tekin um að beita undanþáguákvæði gr. 10.2. Hafi ekki átt að veita Einari Andra keppnisleyfi er ljóst að lið KV var grandlaust um slíkt enda tefldi liðið fram löglegu liði. Engin rök eru fyrir því að leika skuli leik liðanna að nýju og er kröfu Augnbliks þar um mótmælt.

Málsatvikalýsing í kærnu

Málsatvikalýsing í kærnu er hafnað sem rangri. KV mun ekki taka afstöðu til einstakra atriða sem eru byggð á huglægu mati og rakalausum dylgjum.

Kröfur KV:

Gerð er krafa um að kröfum Augnabliks er hafnað. Í kæru félagsins er alvarlega vegið að heiðri forsvarsmanna KV með dylgjum og ósannindum. Forsvarsmönnum KV er gefið að sök að hafa með blekkingum gagnvart framkvæmdarstjóra KSÍ fengið gefna út leikheimild til handa Einar Andra Einarssyni.

Í beiðni KV um undanþágu eru ítarlega raktar þær aðstæður sem félagið var í. KV er ekki samningsfélag og getur því ekki neytt leikmenn félagsins til æfinga og keppni. Mál höfðu þróast með þeim hætti að KV gat ekki treyst á viðveru Stefáns Hirst sem skráður er í KV og Augnblik telur að hafa átt að verða þess valdandi að undanþáguna hefði ekki átt að veita. Stefán hætti knattspyrnuíðkun í vor og hefur verið ófáanlegur til æfinga og keppni með félaginu þrátt fyrir ítrekaða beiðnir. Athugasemdir hans á Facebook síðu Daníels Kristinssonar markvarðar KV (**fylgiskjal með kæru**) styrkja ef eitthvað er málflutning KV.

Það er lagt í hendur framkvæmdarstjóra KSÍ að meta hvort veita skuli undanþágu sbr. gr. 10.2. í reglugerð KSÍ um félagsskipti. Það var mat framkvæmdarstjóra að ríkar ástæður væru til þess að veita undanþáguna. Framkvæmdarstjóri KSÍ byggði ákvörðun sína á grundvelli þeirrar greinargerða og gagna er KV lagði fram. Í einu og öllu var farið eftir reglum Knattspyrnusambands Íslands við beiðni um undanþágu til félagsskipt og öll skilyrði reglugerðar sambandsins voru uppfyllt. Enda var það mat framkvæmdarstjóra sambandsins að veita skyldi undanþáguna.

Þær ásakanir sem forsvarsmáður Augnablik bera forsvarsmenn KV eru grafalvarlegar og ósannar. KV harmar ómálefnalega kæru Augnabliks og hafnar málflutningi þeirra sem röngum.

Reykjavík, 6. september 2011

Virðingarfyllst,

Páll Kristjánsson, KV

Fylgiskjal

- 1) Greinargerð með félagaskiptum Einars Andra Einarssonar, dags. 23. ágúst 2011

Ár 2011, miðvikudaginn 7. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Gunnar Guðmundsson og Helga R. Magnússyni. .

Fyrir er tekið málið nr. 5/2011:

Augnablik
gegn
Knattspyrnufélagi Vesturbæjar

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

1. Kæra, ásamt fylgiskjali
2. Greinargerð kærða
3. Bréf kærða til KSÍ, dags. 23. ágúst 2011. Fylgiskjal með greinargerð kærða.
4. Bréf KSÍ til kærða dags. 26. ágúst 2011

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Augnablik

Fyrirsvarsmaður:

Guðjón Már Sveinsson

Símanúmer 695-6038

Netfang: gudjonms@itk.is

Kærði:

Knattspyrnufélag Vesturbæjar (KV)

Fyrirsvarsmaður:

Páll Kristjánsson.

Símanúmer 845-5870

Netfang: pall@krst.is

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 2. september s.l. Ákveðin var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 6. september s.l. Greinargerð kærða er dagsett 6. september 2011.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks KV og Augnabliks í úrslitakeppni í 3. deild karla sem fram fór þann 27. ágúst 2011 verði dæmd ógild og Augnablik dæmdur sigur. Til vara krefst kærandi þess að leikurinn verði endurtekinn.

Kærði krefst þess að kröfum kærða verði hafnað.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að KV hafi fengið undanþágu hjá framkvæmdastjóra KSÍ fyrir leikmanninn Einar Andra Einarsson, úr Leikni, vegna markmannsleysis liðsins. Telur kærandi að það hafi verið gert á röngum forsendum eins og rakið er í kæru. Með því hafi kærði misnotað aðsöðu sína og blekkst framkvæmdastjóra KSÍ.

Þessum ásökunum mótmælir kærandi alfarið og telur að með þessu hafi kærandi vegið að heiðri KV manna með dylgjum og ósannindum.

IV.

Niðurstaða:

Í málinu gerir kærandi, Augnablik, kröfu um að úrslit leiks KV og Augnabliks í úrslitakeppni í 3. deild karla sem fram fór kl. 14.00 þann 27. ágúst s.l. á KR-velli verði dæmd ógild og kæranda dæmdur sigur, en til vara er þess krafist að leikurinn verði endurtekinn.

Fyrir liggur að framkvæmdastjóri KSÍ veitti undanþágu á félagaskiptum markvarðar í samræmi við ákvæði 10.2 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga fyrir Einar Andra Einarsson markvörð Leiknis til þess að spila með KV í úrslitakeppni 3. deildar. Þessa ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að áfrýja til samninga- og félagaskiptanefndar sem úrskurðar í málinu þessi þáttur málsins heyrir þess vegna ekki undir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Þá er gerð krafa um að leikurinn verði spilaður að nýju. Varðandi þennan þátt málsins vísar aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til ákvæðis 3.4. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu

leikmanna og félaga, þar sem segir að mistók KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geti með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða þau ekki til óhlutgengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

Í ljósi þessa verður ekki efnislega tekið á málinu hér fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og er málinu hér með vísað frá.

Úrskurðarorð:

Kæru Augnabliks gegn Knattspyrnufélagi Vesturbæjar vegna leiks liðanna í úrslitakeppni í 3. deild karla sem fram fór kl. 14.00 þann 27. ágúst 2011 á KR-velli er vísað frá.

Halldór Frímansson

(sign)

Gunnar Guðmundsson

(sign)

Helgi R. Magnússon

(sign)

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.